

Kvika

Sjálfbærniskýrsla 2021





Efnisyfirlit

Um skýrsluna	3
Ávarp forstjóra	4
Vegferð okkar og áherslur	5
Kvika brýtur sér leið	5
Fjölbreyttar stoðir og sterkur rekstur	6
Framþróun og fjártækni	7
Gildi, framtíðarsýn og stefna	9
Skipurit	10
Samfélagið	11
Sjálfbærni og samfélagsábyrgð Kviku	11
Fólkið okkar	11
Samvinna og þátttaka í samfélaginu	12
Siðareglur birgja	13
Ábyrg tryggingastarfsemi og eignastýring	14
Umhverfið	16
Græn fjármálaumgjörð	16
Úthlutunar- og áhrifaskýrsla 2021	17
Aðgerðir í loftslagsmálum	19
Helstu umhverfisvísar	19
Stjórnarhættir og heilindi	20
Stjórn Kviku banka	20
Siðareglur starfsfólks	21
Varnir gegn peningabætti, fjármögnun hryðjuverka, spillingu og mútum	21
Tilvísunartafla	22



Um skýrsluna

Með þessari skýrslu eru mörkuð ákveðin tímamót en þetta er í fyrsta sinn sem Kvik gefur út sjálfbærnisskýrslu. Áður hafa birst samfélagsuppgjör Kviku á ársgrundvelli en upplýsingarnar sem þar koma fram eru nú hluti af þessari sjálfbærnisskýrslu. Skýrslan er gefin út samhliða samstæðureikningi Kviku og dótturfélaga og gefur hún heildstæða mynd af því hvernig unnið er að sjálfbærni og samfélagsábyrgð hjá Kviku á samstæðugrunni.

Listi yfir þá sjálfbærniþætti sem svarað er og tenging við önnur verkefni er birt í töflu í lok skýrslunnar. Upplýsingar um viðkomandi þátt er að finna beint í töflunni ef ekki hefur verið fjallað um hann í texta. Skýrslan byggir á UFS-leiðbeiningum Nasdaq (ESG Reporting Guide 2.0) en auk þess eru GRI-staðlarnir (GRI Standards) hafðir til hliðsjónar og viðeigandi vísun svarað.

Innihald þessarar skýrslu varðar samstæðuna Kviku (hér eftir „Kvika“). Skýrslan tekur því til Kviku banka hf. (hér eftir „Kvika banki“ eða „bankinn“), sem er móðurfélag samstæðunnar, og dótturfélaganna TM trygginga hf. (hér eftir „TM“), Kviku eignastýringar hf. (hér eftir „Kvika eignastýring“), GAMMA Capital Management hf. (hér eftir „GAMMA“), Netgíró hf. (hér eftir „Netgíró“) og Aur app ehf. (hér eftir „Aur“). Á árinu 2021 átti sér stað samruni Kviku banka við TM hf. sem í kjölfarið var lagt niður og félagið TM tryggingar stofnað. Vörumerki Kviku banka eru meðal annars Auður dóttir Kviku (hér eftir „Auður“) og Lykill fjármögnun (hér eftir „Lykill“). Starfsemi Kviku í gegnum breska dótturfélagið Kvika Securities Ltd. (hér eftir „Kvika Securities“) er undanskilin umfjöllun skýrslunnar. Stefnur Kviku Securities hafa að einhverju leyti verið samræmdar stefnum Kviku í málum sem snerta sjálfbærni en ekki er enn sem komið er hafin söfnun á tölulegum upplýsingum fyrir umhverfis- og félagslega þætti.

Nefnd Kviku um samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni (hér eftir „sjálfbærninefndin“) ákvarðaði helstu áherslur skýrslunnar með hliðsjón af UFS-leiðbeiningunum og GRI-stöðlunum með einföldu mikilvægismati en stefnt er að gerð ítarlegra mikilvægismats með viðeigandi samráði við hagaðila Kviku á yfirstandandi ári.

Deloitte veitir álit á völdum upplýsingum skýrslunnar með takmarkaðri vissu. Álit Deloitte er gefið út samhliða þessari skýrslu og má finna á vef Kviku.



Ávarp forstjóra

Þrátt fyrir erfiðar efnahagsaðstæður árið 2021 vegna heimsfaraldurs COVID-19 var afkoma Kviku mjög góð á öllum sviðum rekstursins. Formlegur samruni Kviku banka, TM og Lykils gekk endanlega í gegn á árinu með samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og Samkeppniseftirlitsins og markar hann einn stærsta samruna síðustu ára. Samstæða Kviku mun geta sinnt mikilvægu hlutverki í styrkingu íslensks hagkerfis á komandi árum. Kaup okkar á fjártækifyrirtækjunum Aur og Netgíró á árinu munu einnig auka skilvirkni fjármálaþjónustu og þjónustu félagsins við viðskiptavinum sína.

Kvika leggur áherslu á langtímahugsun, einfaldleika og hugrekki í starfsemi sinni. Í framhaldi af samruna Kviku banka við TM og Lykil átti sér stað stefnumótunarvinna fyrir hina nýju samstæðu sem leiddi til aukinnar áherslu á sjálfbærni í starfseminni. Eitt af leiðarljósum okkar er að við erum ábyrgir þátttakendur í samfélaginu og vinnum því að aukinni sjálfbærni í okkar kjarnastarfsemi. Má þar nefna græna fjármálaumgjörð bankans sem var skilgreind á haustmánuðum en fyrsta græna skuldabréf bankans var gefið út í lok árs 2021. Ánægjulegt var að sjá að eftirspurn var framar björtustu vonum.

Mikilvægasta áskorun samtímans er að vinna bug á áhrifum loftslagsbreytinga á umhverfi og samfélag. Til þess að árangur náist í þeim málum þurfa fyrirtæki að leggja sitt af mörkum og styðja aðgerðir stjórnvalda. Kvika banki styður loftslagsaðgerðir íslenskra stjórnvalda og markmið um kolefnishlutlaust Ísland 2040, meðal annars með því að stýra fjármagni í átt að umhverfisvænum lausnum.

Á árinu 2022 munum við hefja samtal við hagaðila okkar til að heyra hvar við getum gert enn betur á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar og skilgreina nánar hvar helstu áhættur og tækifæri felast. Við munum styrkja viðeigandi stefnur og ferla og horfa til þeirra heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem falla best að okkar starfsemi.

Reykjavík, 24. febrúar 2022



Marinó Örn Tryggvason

Marinó Örn Tryggvason

Forstjóri Kviku banka



Vegferð okkar og áherslur

Kvika brýtur sér leið

Frá því að Kvika banki varð til árið 2015 við samruna MP banka hf. og Straums fjárfestingarbanka hf. hefur starfsemin sífellt verið að eflast. Vegferðin hefur einkennst af skýrri sýn okkar á að ná fram kostnaðarhagræðingu með kaupum eða sameiningu við önnur félög og að hafa jákvæð langtímaáhrif á samfélagið. Á árinu 2021 gekk endanlega í gegn samruni Kviku banka við TM og Lykil ásamt kaup Kviku banka á Aur og Netgíró og til varð öflugra félag með sterkan efnahagsreikning sem á rætur sínar að rekja allt aftur til ársins 1956 þegar Tryggingamiðstöðin hf. var stofnuð.

Með sameiningunni hafa skapast tækifæri til tekjuvaxtar um leið og þróaðar hafa verið fjártæknilausnir, vöruframboð aukið og þjónustuleiðum fjölgað. Staða Kviku hefur aldrei verið sterkari en samstæðan býr yfir fjárhagslegum styrk, rótgrónum rekstrareiningum og spennandi vaxtartækifærum.



Kvika banki er hlutafélag skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Þjónusta við viðskiptavinum bankans skiptist niður á þrjú svið, bankasvið, fyrirtækjaráðgjöf og markaði, en einnig eru starfrækt dótturfélögin Kvika eignastýring, TM, GAMMA og Kvika Securities í Bretlandi. Undir lok árs 2021 gerði Kvika samkomulag við hluthafa og stjórnendur breska félagsins Ortus Secured Finance Ltd. (hér eftir „Ortus“) um meginskilmála mögulegra kaupa á öllu hlutafé félagsins en Kvika á nú þegar 15% í félaginu. Ortus er breskt lánaþyrntæki sem stofnað var árið 2013.

Á seinustu árum hefur fjármálaþjónusta tekið miklum breytingum og flest bendir til þess að sú þróun haldi áfram. Ýmsar tæknilausnir leysa hefðbundna bankaþjónustu af hólmi og eru fjármálaþyrntæki hluti af mikilvægum innviðum samfélagsins. Samhliða þessari tækniþróun auk annarra breytinga í samfélaginu leita neytendur eftir einfaldari þjónustu og auknum sveigjanleika. Við teljum að sem alhliða fjármálaþyrntæki muni Kvika halda áfram að auka samkeppni á fjármálamarkaði, samfélaginu til hagsbóta. Með aukinni fjölbreytni í framboði á vörum og þjónustu erum við að renna styrkari stoðum undir rekstur Kviku með nýsköpun í fjártækni og stafrænum lausnum.



Fjölbreyttar stoðir og sterkur rekstur


Rekstur Kviku byggir á fjórum meginstoðum sem eru eignastýring, tryggingastarfsemi, fjárfestingarbankastarfsemi auk valinnar viðskiptabankaþjónustu. Þannig á Kvika kost á að aðgreina sig frá samkeppnisaðilum með sértæku vöru- og þjónustuframboði.

Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á þóknanamyndandi starfsemi. Eignastýring er starfsemi sem bindur lítið eigið fé og hefur verið mikill vöxtur á því sviði allt frá árinu 2015. Áhersla hefur verið á að veita viðskiptavinum fjölbreytta fjárfestingarþjónustu jafnt innanlands og á erlendum mörkuðum.

Tryggingaþjónusta er nú einnig hluti af þjónustuframboði okkar í gegnum dótturfélagið TM. Lögð hefur verið áhersla á það hjá TM að bjóða viðskiptavinum upp á stafrænar lausnir. Einnig fer þar fram öflug fjárfestingarstarfsemi sem hefur undanfarin ár skilað stöðugri og góðri ávöxtun.

Fyrirtækjaráðgjöf bankans, sem leggur áherslu á að vinna með sterkum fyrirtækjum og fjárfestum, hefur unnið vel úr þeim tækifærum sem felast í núverandi umhverfi og litað hefur verið af áhrifum kórónuveirufaraldursins. Hjá markaðsviðskiptum er veitt alhliða þjónusta á sviði verðbréfa- og gjaldeyrismiðlunar og í gegnum vörumerki Kviku er veitt valin sérhæfð viðskiptabankaþjónusta sem og útlán til fyrirtækja og sérsniðin fjármögnun.

Tvær af fjórum meginrekstrareiningum Kviku og starfsemin í Bretlandi eru rekin í sjálfstæðum dótturfélögum sem leiðir af sér aukna áhættudreifingu. Hvert dótturfélag er skipað stjórn sem er óháð samstæðunni og tekur rekstur dótturfélaga mið af áherslum sem Kvika banki sem móðurfélag samstæðu Kviku leggur dótturfélögum sínum til í gegnum eigendastefnur.



Þessi uppbygging á viðskiptalíkani hefur fært Kviku góða arðsemi. Í kjölfar samruna Kviku banka við TM og Lykil felast einnig tækifæri til að auka arðsemi með hagræðingu og betri nýtingu innviða auk tekju- og kostnaðarsamlegðar.

Með fyrirhuguðum kaupum á Ortus verður okkur kleift að lána fjármuni erlendis sem styrkir reksturinn enn frekar og skapar fimmtu stoðina við rekstur Kviku. Í því felst aukin dreifing á áhættu en eitt af því sem



lánshæfisfyrirtæki hafa bent á í umsögnum sínum um íslensku bankana er lítil áhættudreifing sem meðal annars er tilkomin vegna lítilla eigna erlendis.

Gott gengi Kviku banka hefur skapað okkur sterka eiginfjárstöðu. Á undanförunum árum höfum við endurfjárfest megnið af afkomunni í félaginu sjálfu. Þessa sterku eiginfjárstöðu er hægt að nýta til þess að greiða hluthöfum arð eða til endurkaupa, til ytri vaxtar með kaupum á félögum eða til þess að fjármagna innri vöxt.

Kvika				
	Tryggingar	Eignastýring	Viðskipta- bankastarfsemi	Fjárfestingar- bankastarfsemi
Megin- starfsemi	- Tryggingar - Fjárfestingar	- Einkabanki - Sjóðastýring - Framtakssjóðir - Stofnanafjárfestar	- Fyrirtækjalán - Sérhæfðar lánveitingar - Neytendalán - Greiðslulausnir	- Markaðsviðskipti - Fyrirtækjaráðgjöf - Eigin viðskipti og fjárstýring
Helstu félög og vörumerki	 TM tryggingar	 Kvika eignastýring  Kvika Securities	 Kvika banki  Lykill  Netgíró  Aur  Auður	 Kvika banki  Kvika Securities

Framþróun og fjártækni

Þær breytingar sem að urðu á félaginu á árinu 2021 höfðu í för með sér meiri umsvif og stærri efnahagsreikning. Engu að síður höfum við haldið þeim eiginleikum sem einkennt hafa starfseminna frá upphafi og felast í sjálfstæði viðskiptaæininga og ákvarðanatöku. Grunnstoðirnar hafa verið arðbærar undanfarin ár og gerum við ráð fyrir að þær muni halda áfram að styrkjast. Auk þess skapast tækifæri með samlegð á milli trygginga- og fjármálastarfsemi sem og aukinni starfsemi á erlendri grundu og fjártækni.

Í fjártækni felst að stafræn tækni, upplýsingatækni og sjálfvirknivæðing ferla og þjónustu er nýtt til þess að þróa nýjar lausnir og nálganir í fjármálaþjónustu og til að einfalda og bæta þá fjármálaþjónustu sem er til staðar. Með nýjum lausnum og nálgun er leitast við að auka öryggi og spara tíma viðskiptavinarins.



Ávinningurinn er fjölþættur því auk tímasparnaðar og minni notkunar pappírs sparast ferðir til og frá þjónustuaðila sem oftast en ekki hafa kallað á bruna jarðefnaeldsneytis með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda. Rík áhersla á þróun fjártæknilausna hefur verið leiðarljós okkar frá því fyrir tveimur árum þegar farið var af stað með Auði. Þjónusta Auðar hefur frá upphafi eingöngu verið í boði stafrænt og bera innlánsreikningarnir hærri vexti en gengur og gerist. Er það mögulegt þar sem kostnaði er haldið í lágmarki með afmarkaðri stafrænni þjónustu og góðri nýtingu innviða. Í dag býður Auður einnig upp á græna innlánsreikninga þar sem allar innstæður eru notaðar til að fjármagna eða endurfjármagna umhverfisvæn verkefni eins og þau eru skilgreind í grænni fjármálaumgjörð bankans.

Kvika keypti tvö fjártækni fyrirtæki á árinu 2021 sem eiga það sameiginlegt að bjóða upp á stafrænar greiðslulausnir og einstaklingslán. Annars vegar er það Aur sem býður upp á einfalda og fljótlega leið til að millifæra peninga með farsímagreiðslu og neytendalán. Hins vegar er það Netgíró sem hefur lagt áherslu á þróun á lánsþæfismati ásamt því að bjóða upp á raðgreiðslur með einföldum hætti. Til þess að auka skilvirki hefur þróunarvinna innan Kviku einnig leitt til nýrra lausna. Þá hefur TM verið brautryðjandi í stafrænum lausnum á íslenskum tryggingamarkaði, meðal annars í tjónaafgreiðslu sem er að fullu stafræn hjá félaginu. Ötullega hefur einnig verið unnið að stafrænni þróun á ferlum og þjónustu Lykils sem í sumum tilvikum er nánast orðin að fullu stafræn. Þar á meðal má nefna stafræn bilalán og stafræna bílasamninga sem fóru í loftið á árinu 2021.

Sú nýsköpun sem felst í fjártækni ætti að tryggja viðskiptavinum betra aðgengi að þjónustu og aukinn sveigjanleika og hafa jákvæð áhrif á umhverfið. Kvika banki hefur tekið þessum tækninýjungum fagnandi og höfum við byggt upp þjónustu okkar að mestu án starfrækslu útibúa sem hefur jákvæð umhverfisleg áhrif og felur í sér tímasparnað fyrir viðskiptavinum. Ferð sem sparast í akstri á ökutæki sem brennir jarðefnaeldsneyti dregur úr losun kolefnis auk þess að allur samdráttur í bílaumferð dregur úr svifryksmengun. Þá er ótalin sparnaður við prentun og pappírnotkun og það kolefnisspor sem því fylgir en aukin áhersla hefur einnig verið lögð á rafræna undirritun samninga í öllum þeim tilvikum sem það er mögulegt enda komi ytri aðstæður ekki í veg fyrir að skjöl séu á því formi. Þessi þróun hefur fengið aukið vægi vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins.

Fyrsta stafræna þinglýsingin á Íslandi var framkvæmd af Lykli þann 24. september 2021 í formi veðskuldabréfs vegna bifreiðakaupa. Í stað þess að þurfa að prenta út skjöl, safna undirskriftum og skila þeim inn er nú hægt að þinglýsa skjölum vegna bifreiðakaupa með rafrænum skilríkjum. Slíkt sjálfvirk ferli einfaldar störf allra sem koma að meðferð skjala, hefur jákvæð umhverfisáhrif og skapar mikið hagræði. Með þróun innviða í opnum bankaheimi og aukinni sjálfvirknivæðingu eykst samkeppni til hagsbóta fyrir neytendur. Það styður vegferð Kviku í átt að aukinni sjálfbærni.



Gildi, framtíðarsýn og stefna

Með tilkomu nýrra eininga innan samstæðu Kviku var á haustmánuðum farið í endurskoðun á stefnu samstæðunnar. Einn liður í þeirri vinnu var að heyra sjónarmið og hugmyndir starfsfólks um hvernig stuðla mætti að sameiginlegum árangri, uppbyggingu á öflugri samstæðu og skapa aðlaðandi vinnustað.

Ný stefna var samþykkt af stjórn Kviku banka undir lok ársins. Með henni er undirstrikað að Kvika ætlar sér að vera umbreytingarafl í fjármálaþjónustu með samfélagslegan ávinning að leiðarljósi. Gildi okkar eru langtímahugsun, einfaldleiki og hugrekki.

Tilgangur	Aukum samkeppni og einföldum fjármál viðskiptavina Nýtum innviði, fjárhagslegan styrk og tiltölulega litla markaðshlutdeild á mörgum sviðum.				
Framtíðarsýn	Umbreytum fjármálaþjónustu á Íslandi með gagnkvæman ávinning að leiðarljósi Leggjum áherslu á tækifæri sem aðrir geta ekki nýtt sér.				
Strategísk leiðarljós	Verum viðskiptavinurinn Setjum okkur alltaf í spor viðskiptavinarins og hugsum út frá hans sjónarhorni.	Hugsum hlutina upp á nýtt Notfærum okkur viðskiptamódel, tæknilausnir, vöruframboð, ESG, innviði, ferla og skipulag.	Veljum okkur verkefni Beitum kröftum okkar þar sem við náum mestum ávinningi fyrir bæði viðskiptavininn og okkur.	Verum ábyrgur þátttakandi í samfélaginu Hugsum til framtíðar og stuðlum að sjálfbærnu samfélagi.	Vinnum sem eitt lið Nýtum styrkinn sem felst í breiðstýringu, stuttum boðleiðum, skýrum heimildum og dreifðri ákvarðanatöku.
Gildi	Einfaldleiki		Hugrekki		Langtímahugsun

Til að hrinda stefnunni í framkvæmd hafa verið sett fram eftirfarandi sjö meginmarkmið samstæðunnar til þriggja ára:


- Fjártækni:** Fjölga þeim viðskiptavinum í fjártæknilausnum sem nota þrjár eða fleiri gerðir þjónustu um 50.000.
- Ábyrg þátttaka í samfélaginu:** Hafa raunveruleg og mælanleg áhrif á kolefnisspor Íslands og loftslagsmál almennt.
- Kvika Securities:** Starfsemin í Bretlandi standi undir að minnsta kosti fimmtungi af hagnaði samstæðunnar.
- Eignastýring:** Vöxtur eignastýringar verði hraðari en vöxtur innanlandsmarkaðar
- Tryggingar:** Verða arðbærasta tryggingafélagið á Íslandi og auka markaðshlutdeild.
- Fjármögnun:** Fjármögnun bankans verði sambærileg við hina bankana.
- Arðsemi eigin fjár:** Ná 20% arðsemi á óráðstafað eigið fé.




Skipurit 2021

Skipurit móðurfélagsins, Kviku banka, ásamt skipuritum Kviku eignastýringar og TM sem eru skilgreind sem mikilvæg dótturfélög í rekstri samstæðunnar á Íslandi:


Kvika banki



TM



Kvika eignastýring





Samfélagið

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð Kviku

Sjálfbærniefnd Kviku ber ábyrgð á að stefnum sem tengjast vegferð félagsins í átt að aukinni sjálfbærni og samfélagsábyrgð sé fylgt og verkefnastjóri sjálfbærni fylgir eftir starfi nefndarinnar. Samsetning sjálfbærniefndarinnar er þvert á einingar og dótturfélög samstæðu Kviku og í henni situr aðstoðarforstjóri.

Samfélagsstefna var samþykkt af framkvæmdastjórn Kviku banka í október 2020 og er henni ætlað að tryggja sameiginlega sýn á áherslur í málefnum er varða fjárfestingar og viðskiptahætti, samfélagið, mannauð og umhverfið. Að baki liggur sú sannfæring að við getum haft jákvæð áhrif á samfélagið með okkar starfi og leggjum við áherslu á að hafa jákvæð áhrif á uppbyggingu og virkni fjármálamarkaða. Samfélagsstefnan styðst við önnur markmið Kviku banka, svo sem mannauðs-, jafnréttis- og heilsustefnu, umhverfis- og samgöngustefnu og stefnu um ábyrgar lánveitingar og fjárfestingar. Í kjölfar áðurnefndra breytinga á samstæðu Kviku árið 2021 og stefnumótunarvinnu sem leiddi af sér nýja stefnu fyrir samstæðuna er unnið að endurskoðun á samfélagsstefnu Kviku banka og samstæðunnar í heild. Mun ný stefna lita dagsins ljós á árinu 2022.

Eins og fram kemur í eigendastefnum leggur Kvika banki sem móðurfélag dótturfélögum sínum línur varðandi málefni sem snerta stjórnarhætti og sjálfbærni. Þar á meðal má nefna mannauðs- og umhverfismál. Dótturfélögin eru hvött til þess að vera opin fyrir nýjungum sem stuðla að sjálfbærni, sérstaklega á sviði fjárfestinga og viðskiptahátta.

Frá upphafi COVID-19 hefur Kvika stutt sérstaklega við samfélagið í formi aðgerða sem miða að tímabundnum greiðslufrestum vegna lána fyrirtækja og einstaklinga, veitt samþykki sem siðari veðhafi vegna skilmálabreytinga í tengslum við faraldurinn og verið þátttakandi í þeim aðgerðum sem ríkisstjórn Íslands hefur kynnt sem miða að því að milda högg lántaka vegna fordæmalausra aðstæðna.

Fólkið okkar

Starfsfólkið er okkur afar mikilvægt því þekking þess og færni hefur fært Kviku á þann stað sem félagið er í dag. Við leggjum mikið upp úr því að skapa jákvætt og öruggt starfsumhverfi þar sem allir hafa sömu tækifæri. Við höfum markað okkur mannauðs-, jafnréttis- og heilsustefnu sem leggur grunn að aðgerðaáætlun sem unnið er eftir. Aðgerðaáætlunin er endurskoðuð árlega og hafa Kvika banki og TM fengið vottun á jafnlaunakerfi samkvæmt kröfum staðalsins ÍST 85:2012. Í samfélagsstefnunni kemur fram áhersla okkar á sveigjanleika, samvinnu og líðsheild. Frumkvæði starfsfólks er á meðal þeirra þátta sem við horfum til og við viljum að það sé eftirsóknarvert að vinna hjá Kviku.

Fjölmörg námskeið og önnur fræðsla stendur starfsfólki til boða, bæði valkvætt efni og skylduefni, sem eykur þekkingu þess á starfseminni og eflir færni. Í flestum tilfellum fer miðlun efnisins fram stafrænt í gegnum fræðsluferfið Eloomi þar sem einnig er haldið utan um ástundun starfsfólks í fræðslu.



Þeim ráðstöfunum sem gripið var til á árinu 2020 við upphaf COVID-19-faraldursins hefur verið fylgt áfram á árinu 2021 til samræmis við tilmæli yfirvalda og aðstæður á hverjum tíma. Það hefur meðal annars falið í starfi sérstakrar nefndar sem fylgist með þróun mála og gætir að öryggi starfsfólks með viðeigandi sóttvarnaraðgerðum. Áframhald var á fjarvinnu hjá meirihluta starfsfólks og fjarfundarbúnaður nýttur til samskipta og funda. Þessi breyting á vinnuumhverfinu hefur fært Kviku aukinn sveigjanleika og skapað minni umhverfisáhrif af starfsemi þar sem dregið hefur úr flugi og akstri starfsfólks.

Góð heilsa hefur mikið að segja svo við njótum okkar öll í leik og starfi. Með það að markmiði að stuðla að betri heilsu og líðan starfsfólks veitum við íþróttastyrki og samgöngustyrki. Notum við þau tækifæri sem gefast til að hvetja starfsfólk til að huga að heilsunni og nýtum innri vefinn eða fræðsluferfið til miðlunar á efni því tengdu.

Til að fá sem besta mynd af líðan starfsfólks er árlega, sem hluti af vinnustaðagreiningu, gerð viðhorfskönnun þar sem könnuð er starfsánægja, streita, jafnrétti, jafnvægi milli vinnu og einkalífs, einelti, áreitni og ofbeldi. Í kjölfar slíkra kannana er rýnt í niðurstöður og sett upp aðgerðaáætlun eins og við á hverju sinni. Í greiningu ársins 2021 kemur fram að starfsfólki Kviku þykir gott samstarf og liðsheild einkenna starfsemina en meira mætti vera af persónulegri endurgjöf.

Vinnustaðagreining veitir upplýsingar um tækifæri til umbóta og færir okkur aukinn skilning á því hvernig við getum stuðlað að styðjandi og hvetjandi starfsumhverfi. Starfsmannavelta starfsfólks í fullu starfi hjá samstæðunni á árinu 2021 nam 11,5% og tengist hún að hluta til skipulagsbreytingum innan samstæðunnar í tengslum við samruna Kviku banka, TM og Lykils.

Í desember 2021 var öllu starfsfólki boðið upp á þátttöku í nýju kaupréttarkerfi sem samþykkt var af stjórn Kviku banka þann 10. nóvember 2021 og af skattayfirvöldum þann 9. desember 2021.

Samvinna og þátttaka í samfélaginu

Haustið 2020 gerðist Kvika banki fyrir hönd samstæðunnar aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI). Við tökum einnig þátt í ýmsu öðru samstarfi á sviði sjálfbærni svo sem með aðild að IcelandSIF, samtaka um ábyrgar fjárfestingar. Kvika banki og TM eru stofnaðilar samtakanna og með því að eiga fulltrúa í stjórn og vinnuhópum tökum við virkan þátt í starfi þeirra. Einnig er Kvika banki aðili að Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð, sem og Grænvangi, samstarfsvettvangi atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál og grænar lausnir, sem Kvika banki gerðist stuðningsaðili að á árinu 2021. Skapast með þessu tækifæri til að deila þekkingu, læra af öðrum og vinna sameiginlega að úrlausn mikilvægra mála.



Þá veitir Kvika margvíslega styrki til málefna sem við viljum leggja lið. Undanfarin ár höfum við stutt UNICEF á Íslandi, konur og nýsköpun með FrumkvöðlaAuði og iðn- og kennaranám með Hvatningarsjóði Kviku. Á árinu 2021 hlaut Hvatningarsjóðurinn tilnefningu til viðskiptaverðlauna Innherja Fréttablaðsins í flokknum „Samfélagsstjarnan“.

Heildarfjárhæð styrkja hjá samstæðunni á árinu nam 87.168.268 kr.

Með samvinnu um verkefni eða með fjárhagsstuðningi tökkum við virkan þátt á ýmsum sviðum samfélagsins.

Aðkoma Kviku eignastýringar að Reykjavíkurskákamótinu sem fram fór dagana 26. ágúst til 5. september 2021 er dæmi um slíka þátttöku. Kvika eignastýring var aðalstyrktaraðili mótsins ásamt Reykjavíkurborg og ríkisstjórn Íslands en mótið var um leið Evrópumót einstaklinga.

Þá hefur TM veitt Hvatningarverðlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar, Svifölduna, undanfarin ár. Markmið verðlaunanna eru að hvetja ung fyrirtæki og frumkvöðla til dáða, stuðla að nýbreytni og vekja athygli almennings á gildi nýsköpunar og þróunar í sjávarútvegi.

Siðareglur birgja

Við leitumst við að hafa jákvæð áhrif á samfélagið og hvetjum samstarfsaðila okkar til að gera slíkt hið sama. Siðareglur birgja Kviku banka eru settar á grundvelli samfélagsstefnu félagsins og annarra skuldbindinga á sviði samfélagsábyrgðar og sjálfbærni. Kvika banki mælist til þess að birgjar starfi í samræmi við stefnur félagsins á sviðum umhverfis, samfélags og góðra stjórnarháttar. Þeir birgjar sem skilgreindir eru sem mikilvægir birgjar eru beðnir um að staðfesta siðareglurnar formlega.





Ábyrg tryggingastarfsemi og eignastýring

Sem móðurfélag setur Kvika banki heildarstefnu og stefnur sem varða málefni sjálfbærni og samfélagsábyrgðar samstæðunnar. Dótturfélög Kviku banka fylgja þessu á grundvelli eigendastefna Kviku banka fyrir mikilvæg dótturfélög en þau setja sér einnig sínar eigin stefnur og eiga frumkvæði að verkefnum sem styðja við áherslur Kviku í málefnum sjálfbærni og samfélagsábyrgðar, falla að rekstri þeirra og styðja við gildi samstæðunnar sem eru langtímahugsun, einfaldleiki og hugrekki.

TM, sem varð nýlega hluti af Kviku, hefur um árábil tileinkað sér samfélagslega ábyrgð bæði í eigin starfsemi en einnig í vali á fjárfestingarkostum. Áhersla hefur verið lögð á að ná utan um kolefnisspor starfseminnar en TM hóf skipulegar mælingar á losun sinni árið 2015. Markmið um losun til ársins 2030 hafa verið sett og verða endurskoðuð á árinu 2022 til samræmis við markmið Kviku. TM hefur lagt áherslu á innleiðingu markmiða og mælikvarða sem tengjast sjálfbærni. Nýlega setti félagið sér einnig stefnu um ábyrgar fjárfestingar þar sem horft er til þeirra viðmiða sem mótuð hafa verið hjá Kviku.

Tryggingafélög horfa nú í auknum mæli til áhrifa loftslagsbreytinga á sína starfsemi í ljósi þeirrar aukningar á tjóni sem á sér stað vegna veðurtengdra atburða. Við mótun áherslna á þessu sviði hefur TM meðal annars horft til alþjóðlegu viðmiðanna PSI (Principles for Sustainable Insurance) og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Á undanförunum árum hafa tjón af veðurtengdum atburðum sem rekja má til hlýnunar jarðar aukist verulega bæði hvað varðar tíðni og alvarleika slíkra atburða. TM hefur vakið athygli á þessari þróun. Félagið hefur styrkt og verið strategískur samstarfsaðili Arctic Circle, meðal annars með framsögu á alþjóðlegri ráðstefnu samtakanna.

Kvika eignastýring setti sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar á árinu 2020 og hefur síðan þá unnið markvisst að innleiðingu á aðferðum ábyrga fjárfestinga inn í starfseminna. Stefnan er sett með hliðsjón af meginreglum UN PRI og leggur línurnar varðandi samþættingu samfélagsábyrgðar við núverandi verkferla fyrir fjárfestingarákvarðanir.

Á árinu 2021 var Kvika eignastýring í hóp íslenskra fyrirtækja sem Creditinfo veitti viðurkenningu sem framúrskarandi fyrirtæki niunda árið í röð. Þá hlaut félagið viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árið 2021 að mati Viðskiptablaðsins og Keldunnar en þetta er fimmta árið í röð sem fyrirtækið hlýtur þessa viðurkenningu.



Kvika eignastýring hefur lagt áherslu á langtímafjárfestingu í óskráðum hlutabréfum í gegnum framtakssjóði sína sem nú eru fjórir talsins. Framtakssjóðirnir stunda svokallaðar áhrifafjárfestingar (e. impact investments) sem með stuðningi við stjórnendur hámarka verðmæti til lengri tíma. Í gegnum framtakssjóðina hvetur Kvika eignastýring félögin til að sýna samfélagslega ábyrgð, tileinka sér góða viðskipta- og stjórnarhætti og huga að umhverfismálum.

Íðunn er sérhæfður vísisjóður sem stofnaður var í marsmánuði 2021 með fjárfestingartímabil til fimm ára. Sjóðurinn leggur áherslu á fjárfestingar á sviði lífvísinda og heilsutækni (e. life sciences and health technology). Innan þess falla ýmiss konar atvinnugreinar og svið eins og framleiðsla lækninga- og greiningartækja, lyfjaþróun, stafræn læknisþjónusta og heilbrigðisþjónusta auk stuðningsfyrirtækja í virðiskeðju eða þróun lífvísinda og heilbrigðistækni. Áhersla er lögð á að fyrirtækin sem fjárfest er í tileinki sér samfélagslega ábyrgð í daglegum rekstri, setji sér umhverfisstefnu og starfi í samræmi við góða stjórnarhætti.





Umhverfið

Kvika leggur áherslu á að lágmarka þau neikvæðu umhverfisáhrif sem rekstur félagsins kann að hafa. Horft er til beinna áhrifa, svo sem orkunotkunar og kolefnisspors ferðalaga, og gerir umhverfis- og samgöngustefna skil á helstu þáttum sem teknir eru til skoðunar í því samhengi.

Haldið er utan um umhverfisáhrif eigin rekstrar með stafrænu umhverfisstjórnunarkerfi. Stefna okkar er að fara nýjar leiðir með fjártæknilausnum í viðskiptabankastarfsemi, þannig að þjónusta fari að mestu fram stafrænt, og að starfrækja með þeim hætti sem fæst útibú. Því höfum við lagt áherslu á sjálfvirknivæðingu og stafrænar lausnir og hefur góður árangur náðst í aðgerðum þar sem dregið hefur verið úr losun gróðurhúsalofttegunda og pappírnotkun hjá Kviku og dótturfélögum. Öll losun frá akstri bíla í eigu félagsins og viðskiptaferðum starfsfólks (flug) er kolefnisjöfnuð gegnum Kolvið og Votlendissjóð. Þá hefur Lykill kolefnisjafnað akstur viðskiptavina sem nýta sér bilaleigufloata Lykils undanfarin ár, hjá Kolviði. Við hvetjum starfsfólk okkar til að nýta sér vistvænan samgöngumáta og býðst þeim sem nýta sér þann kost að fá greiddan samgöngustyrk.

Auk beinna umhverfisáhrifa af starfsemi höfum við í auknum mæli horft til umhverfisáhrifa af ytri starfsemi, til dæmis með því að stýra fjármagni í sjálfbær verkefni sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið. Fjármálastofnanir gegna mikilvægu hlutverki á þessu sviði og geta haft veruleg jákvæð áhrif. Vinna er hafin við að mæla kolefnisspor fjárfestinga- og lánasafns bankans sem mun gera okkur kleift að auka þekkingu á loftslagstengdri áhættu.

Græn fjármálaumgjörð

Í október 2021 gaf Kvika banki út græna fjármálaumgjörð. Hún rammar inn stefnu bankans í umhverfisvænni fjármögnun og lánveitingum sem stuðla að sjálfbærri uppbyggingu. Græna fjármálaumgjörðin byggir á stefnu Kviku banka frá 2020 um ábyrgt vöru- og þjónustuframboð sem og öðrum viðeigandi stefnum félagsins sem snúa að sjálfbærni.

Græn fjármálaumgjörð Kviku banka lýsir hvernig fjármunum er úthlutað til grænna verkefna en undir græn verkefni falla lánveitingar sem snúa að orkuskiptum í samgöngum, umhverfisvottuðum byggingum og endurnýjanlegri orku. Græna fjármálaumgjörðin byggir á alþjóðlegum viðmiðum (Green Bond Principles) sem Alþjóðasamtök aðila á verðbréfamarkaði (International Capital Market Association) hafa sett saman.



Umgjörðin byggir á þessum fjórum stöðum:

1. Ráðstöfun fjármuna.
2. Ferli við mat og val verkefna.
3. Stýring fjármuna.
4. Skýrslugjöf og úttekt.

Umgjörðin hefur fengið jákvætt ytra álit frá alþjóðlega mats- og greiningarfyrirtækinu Sustainalytics. Þar kemur meðal annars fram að græn fjármálaumgjörð Kviku banka sé trúverðug og hafi alla burði til þess að verða áhrifarík.

Ný löggjöf Evrópusambandsins sem er í undirbúningi leitast við að staðla þá flokka verkefna sem teljast undir umhverfisvænar fjárfestingar (EU taxonomy for sustainable activities). Löggjöfinni er ætlað að auðvelda samanburð sjálfbærra verkefna og fjárfestinga. Kvika banki mun aðlagða grænu fjármálaumgjörðina sína að löggjöfinni þegar hún tekur gildi á Íslandi í gegnum EES-samninginn.

Áfangar í innleiðingu á grænni fjármálaumgjörð á árinu

Júni

Lykill byrjar að veita sérstök lánaþjór á grænum lánum.

Október

Auður býður upp á nýja verðtryggða græna framtíðarreikninga sem falla undir grænu fjármálaumgjörðina.

Kvika banki gefur út sína fyrstu grænu fjármálaumgjörð sem fær jákvætt ytra álit frá Sustainalytics.

Desember

Kvika banki gefur út græn skuldabréf í fyrsta sinn fyrir 4,500 m.kr.

Úthlutunar- og áhrifaskýrsla 2021

Eins og kemur fram í grænni fjármálaumgjörð Kviku banka mun bankinn gera árlega skil á grænum skuldbindingum sínum. Þetta er í fyrsta skipti sem slíkt yfirlit eða skýrsla er gefin út og er hún gefin út sem hluti af sjálfbærnisráðgjöf Kviku.

Heildarstaða grænna skuldbindinga við árslok 2021 nam 4.531.573.929 kr., sem má að stærstum hluta rekja til grænnar skuldabréfaútgáfu Kviku í desember en jafnframt til grænna framtíðarreikninga Auðar. Heildarfjárhæð grænna skuldbindinga á árinu 2021 fór öll í endurfjármögnun grænna eigna innan eignaflokksins orkuskipti í samgöngum (e. clean transportation).



Hluti af eignasafni Lykils eru vistvæn ökutækjalán, sem veitt hafa verið allt frá maí 2015, en í júní 2021 hóf Lykill að gefa út sérstök lánaðjör af grænum lánum. Um er að ræða fjármögnun kaupa á rafmagns- og vetnisfarþegabílum sem ganga fyrir 100% endurnýjanlegri orku (50% afsláttur af lántökugjöldum og 0,2% afsláttur af vöxtum), og tengiltvinnfarþegabílum sem eru með mengunarstuðul undir 50 g CO₂/km samkvæmt alþjóðlegum mengunarmælikvörðum (50% afsláttur af lántökugjöldum).

Fjármögnun vistvænna ökutækja sem teljast til eigna innan eignaflokksins orkuskipti í samgöngum felur í sér lán til kaupa á farþegabílum, sendibílum, vörubílum, mótorhjólum og vélum sem uppfylla skilyrði eignaflokksins. Stærsti hlutinn eru farþegabílar eins og sjá má í yfirlitinu að neðan.

Tegund ökutækis	Fjöldi ökutækja	Fjárhæð í m.kr.
Farþegabíll	1.569	5.593
Önnur ökutæki	97	147
Samtal	1.666	5.740

Pegar talað er um áhrif af fjármögnuðum vistvænum eignum (e. avoided GHG emissions) samkvæmt grænni fjármálaumgjörð bankans er átt við það kolefnisspor sem komið hefur verið í veg fyrir (í tonnum CO₂-ígilda) með fjármögnun þeirra vistvænu verkefna sem um ræðir. Sjá áætluð áhrif af vistvænum verkefnum Kviku fyrir árið 2021 hér að neðan.

2021	Fjöldi	Áætlaður útblastur í t. CO ₂ -ígilda
Vistvæn ökutæki	1.666	u.þ.b. 2.312

*Aðferðafræði útreiknings áhrifamælikvarða byggir á alþjóðlegum leiðbeiningum og stöðlum

Má setja þetta í samhengi við að komið hefur verið í veg fyrir losun sem hlýst af:



Um 1500 flugferðum eins farþega fram og til baka á milli Keflavíkur og Parísar

eða



Um 6.400 ferðum hringvegin á hefðbundnum farþegabíl¹

¹ Reiknað með reiknivél US EPA (<https://www.epa.gov/energy/greenhouse-gas-equivalencies-calculator>), Umhverfisverndarstofnunar Bandaríkjanna, út frá forsendum sem gefnar eru af Carbon Independent (<https://www.carbonindependent.org/22.html>) og vegalengdum samkvæmt Vegagerðinni (<http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegalengdir/>).



Aðgerðir í loftslagsmálum

Kvika styður við innlend og erlend markmið í loftslagsmálum, meðal annars markmið íslenskra stjórnvalda um kolefnishlutleysi árið 2040. Í september 2020 gekkst Kvika banki undir viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar. Viljayfirlýsingin er samstillt framtak aðila á fjármálamarkaði og stjórnvalda en auk þess að vera staðfest af ríkisstjórninni hefur viljayfirlýsingin verið undirrituð af aðilum sem standa að baki um það bil 80% af eignum á íslenskum fjármálamarkaði. Viljayfirlýsingin fellur vel að gildum og stefnu okkar um ábyrgar fjárfestingar og lánveitingar.

Í lok ársins 2021 skrifuðu Kvika banki, Kvika eignastýring og Klappir Grænar Lausnir hf. undir viljayfirlýsingu um að vinna að því að greina rekstrarhæfi loftslagssjóðs, sem hefði það að markmiði að flýta fyrir kolefnishlutleysi Íslands og móta helstu verkþætti sem snúa að heppilegri útfærslu. Tilgangur sjóðsins yrði að búa til vettvang fyrir fjárfesta til að fjárfesta í vottuðum landbótum sem fela í sér mótvægisáðgerðir við loftslagsbreytingar. Gert er ráð fyrir að viðeigandi verkefni verði til að byrja með vottuð skógrækt en einnig gætu endurheimt votlendis og aðrar áðgerðir komið til greina.

Helstu umhverfisvísar

Taflan að neðan sýnir losun gróðurhúsalofttegunda á árinu 2021 og losunarkræfni starfsmanna:

Losun gróðurhúsalofttegunda	
Umfang 1 (tonn CO ₂ ígilda)	28,5 t. CO ₂ -íg
Umfang 2 (tonn CO ₂ ígilda)	23,7 t. CO ₂ -íg
Umfang 3 (tonn CO ₂ ígilda)	160,1 t. CO ₂ -íg
Losunarkræfni starfsmanna	671,5 kg CO ₂ -íg / stöðugildi

Nánari upplýsingar um viðeigandi UFS og GRI vísa sem tengjast umhverfismálum má finna í tilvísunartöflu aftast í þessari skýrslu.





Stjórnarhættir og heilindi

Það er innbyggð í góða stjórnarhætti að þeir séu ávallt í samræmi við lög og reglur og að þeir styrki jafnt innviði fyrirtækja sem og efli almennt traust á markaði.

Kviku banka ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki (161/2002). Félagið hagar stjórnarháttum sínum í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út árið 2004 af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins og voru síðast uppfærðar í júlí 2021 (6. útgáfa). Leiðbeiningarnar nýttast sem verkfæri stjórna og stjórnenda til að mæta þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og má nálgast á www.leidbeiningar.is. Eina frávik Kviku banka frá leiðbeiningunum felst í því að bankinn hefur ekki séð þörf á að skipa tilnefningarnefnd. Sérreglur gilda fyrir fjármálafyrirtæki um mat á samsetningu stjórna í þeim. Stjórn framkvæmir árlega sjálfsmat á stjórn og samsetningu hennar með utanaðkomandi ráðgjafa. Með hliðsjón af því og ítarlegri greiningu hjá félaginu telur Kvika banki að ekki sé jafn rík þörf fyrir tilnefningarnefnd hjá bankanum og kynni að vera hjá öðrum félögum. Kvika banki fylgir einnig í starfsemi sinni viðurkenndum viðmiðum og reglum evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja.

Upplýst er um helstu þætti varðandi stjórnarhætti í árlegri stjórnarháttayfirlýsingu sem birt er í ársreikningi og á heimasíðu Kviku banka. Starfsemi Kviku fer að hluta til fram í gegnum dótturfélög en Kvika banki sem móðurfélag ber ábyrgð á stjórnarháttum samstæðunnar. Í stjórnarháttayfirlýsingunni má meðal annars finna upplýsingar um helstu þætti innra eftirlits, áhættustýringar og reikningsskila hjá móðurfélaginu.

Stjórn Kviku banka

Aðalfundur Kviku banka var haldinn þann 21. apríl 2021. Í stjórn voru kosin þau Sigurður Hannesson formaður, Guðmundur Þórðarson varaformaður og Guðjón Reynisson, Helga Kristín Auðunsdóttir og Kristín Friðgeirsdóttir meðstjórnendur. Til setu í varastjórn félagsins voru kjörin þau Inga Björg Hjaltadóttir og Sigurgeir Guðlaugsson. Á vormánuðum sögðu þær Inga Björg Hjaltadóttir og Kristín Friðgeirsdóttir sig úr stjórn vegna annarra skuldbindinga. Í stað þeirra voru kjörnar Ingunn Svala Leifsdóttir í aðalstjórn og Helga Jóhanna Oddsdóttir í varastjórn á hluthafafundi sem fram fór 7. september 2021. Með þátttöku þessara einstaklinga hefur samsetning stjórnar til að bera fjölbreytni og breidd þegar kemur að hæfni, reynslu og þekkingu. Nánari upplýsingar um menntun, faglegan bakgrunn, þekkingu og reynslu stjórnarfólks má finna á vefsíðu Kviku banka.



Siðareglur starfsfólks

Í siðareglum Kviku banka er gerð grein fyrir þeim siðferðislegu gildum sem við styðjumst við í allri daglegri starfsemi. Starfsfólki ber að hafa siðareglurnar að leiðarljósi í samskiptum sínum við viðskiptavinum sem og aðra aðila í tengslum við störf sín og ákvarðanatöku fyrir hönd félagsins. Siðareglunum er ætlað að tryggja öryggi og hagsmuni viðskiptavina Kviku banka sem og annarra hagsmunaaðila. Þeim er jafnframt ætlað að draga úr áhættu sem getur haft skaðleg áhrif á félagið. Siðareglurnar eru samþykktar af stjórn Kviku banka og er starfsfólk beðið um að staðfesta þær. Dótturfélög Kviku fylgja þeim áherslum sem Kvika banki setur varðandi siðareglur fyrir starfsmenn dótturfélaga.

Varnir gegn peningabætti, fjármögnun hryðjuverka, spillingu og mútum

Kvika banki hefur sett sér reglur og sett upp viðeigandi ferla og eftirlit vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í samræmi við löggjöf um þau málefni. Kvika framkvæmir áhættumat á allri starfsemi sinni og þurfa allir viðskiptavinir bankans að fylla út viðeigandi áreiðanleikakönnun fyrir stofnun samningssambands. Við reglubundið færslueftirlit notast Kvika banki við kerfi Lucinity sem nýtir nútímatækni og gervigreind til þess að koma auga á grunsamlega háttsemi.

Einnig hefur Kvika banki sett reglur um varnir gegn hagsmunaréstrum sem hafa að markmiði að auka trúverðugleika og vernda orðspor bankans og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra sem geta átt sér stað meðal annars í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu. Varnir gegn hagsmunaárekstrum hafa einnig verið styrktar meðal annars með útgáfu reglna um gjafir, umbun og hvatagreiðslur sem og stefna um orðsporsáhættu og háttsemisáhættu, reglna um aðskilnað starfssviða og reglna um eigin viðskipti starfsmanna. Þessar reglur eru settar á samstæðugrundvelli og leggja auk siðareglanna grunn að vörnum bankans gegn spillingu og mútum.





Tilvísunartafla

UFS visar	Nr.	Lýsing	Kafli / efni	Bls.	GRI visar til stuðnings	Nr.
Um fyrirtækið						
		Nafn skipulagsdeildarinnar	Kvika banki hf.		102	1
		Starfsemi, vörumerki, vörur og þjónusta	Vegferðin okkar	5	102	2
		Staðsetning höfuðstöðva	Katrinartún 2, 105 Reykjavík		102	3
		Staðsetning rekstrar	Ísland og Bretland		102	4
		Eignarhald og félagaform	Skráð hlutafélag		102	5
		Markaðir í þjónustu	Kvika brytur sér leið	5	102	6
		Stærð skipulagsheildarinnar	Kvika brytur sér leið <i>Ársreikningur 2021</i>	5	102	7
		Upplýsingar um starfsfólk og aðra starfskrafta	Fólkið okkar	11	102	8
		Verulegar breytingar á skipulagsheildinni og aðfangakeðju hennar	Kvika brytur sér leið	5	102	10
		Varúðarregla eða -nálgun	Stjórnarhættir og heilindi	20	102	11
		Innleiðing utanaðkomandi frumkvæðis	Stjórnarhættir og heilindi	20	102	12
		Aðild að samtökum	Samvinna og þátttaka í samfélaginu	12	102	13
		Yfirlýsing frá æðsta ákvörðunartaka	Ávarp forstjóra	4	102	14
Siðferði og heilindi						
		Gildi, meginreglur, staðlar og atferlisviðmið	Gildi, framtíðarsýn og stefna	9	102	16
		Stjórnskipulag	<i>Ársreikningur 2021</i> : Viðauki I – Stjórnarháttayfirlýsing		102	18
Skilgreining á efnislegum þáttum og mörkun þeirra						
		Aðilar sem eru hluti af samstæðureikningsskilum	Kvika banki hf., Kvika eignastýring hf., TM tryggingar hf., GAMMA Capital Management hf., Kvika Securities Ltd., Aur app ehf. og Netgíró hf.		102	45
		Skilgreining á efni skýrslu og mörkun efnistaka	Um skýrsluna	3	102	46
		Tímabil skýrslugjafar	1. janúar – 31. desember 2021		102	50
		Tíðni skýrslugjafar	Árleg		102	52
		Tengiliður vegna upplýsingagjafar um skýrsluna	Anna Þórdís Rafnsdóttir, thjonusta@kvika.is, s. 540 3200		102	53
		Ytri trygging	Deloitte (álit með takmarkaðri vissu) <i>Ársreikningur 2021</i>		102	56
Efnahagslegur árangur						
		Beint efnahagslegt virði sem er skapað og dreift	Sjá <i>Ársreikningur 2021</i>		201	1
Umhverfi (E)						
Orka						
E3	1	Orkunotkun: Heildarmagn beinnar orkunotkunar	115.115 kWst		302	1
	2	Orkunotkun: Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar	2.566.030 kWst		302	2
E4		Orkukræfni: Bein heildarorkunotkun miðað við úttaksstærð	8.479,3 kWst / stöðugildi		302	3
E5		Samsetning orku: Hlutfall orkunotkunar eftir tegund orkuframleiðslu í prósentum	Jarðefnaeldsneyti: 4,3% Endurnýjanlegir orkugjafar: 95,7%		302	1
Vatnsnotkun						
E6	1	Heildarmagn af vatni sem er notað	54.111,7 m ³		303	5
	2	Heildarmagn af vatni sem er endurheimt	0			



Losun gróðurhúsalofttegunda						
E1	1	Heildarmagn í CO ₂ -ígildum fyrir umfang 1 (ef við á)	Helstu umhverfisvísar	19	305	1
	2	Heildarmagn í CO ₂ -ígildum fyrir umfang 2 (ef við á)	Helstu umhverfisvísar	19	305	2
	3	Heildarmagn í CO ₂ -ígildum fyrir umfang 3 (ef við á)	Helstu umhverfisvísar	19	305	3
E2		Losunarkræfni: Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda miðað við úttaksstærð	Helstu umhverfisvísar	19	305	4
Úrgangur						
		Heildarmagn úrgangs og hlutfall flokkunar	Heildarmagn úrgangs var 29.253 kg (þar af 72,9% flokkaður úrgangur)		306	2
Umhverfisstarfsemi						
E7	1	Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu? Já/Nei	Já		103	2
	2	Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku og/eða endurvinnslu? Já/Nei	Já			
	3	Notast fyrirtækið þitt við viðurkennt orkuskiptunarkerfi? Já/Nei	Nei			
Loftslagseftirlit						
E8	1	Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? Já/Nei	Já. Sjá Ársreikningur 2021		102 102	19-20 29-31
E9	1	Hefur æðsta stjórnunarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? Já/Nei	Já. Sjá Ársreikningur 2021		102 102	19-20 29-31
E10		Mildun loftslagsáhættu: Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vörubróun	kr. 0			
Félagslegir þættir (S)						
Starfsmannaveita						
S3	1	Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi, í prósentum	Fólkið okkar	11	401	1
Vinnuumhverfi						
S7		Vinnuslysið: Tíðni slysatengdra atvika miðað við heildartíma vinnuafslis í prósentum	0%		403	9
S8		Hnattræn heilsa og öryggi: Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi? Já/Nei	Já		103 403	2
S9	1	Barna- og nauðungarvinna: Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu? Já/Nei	Félagið er með starfsemi á Íslandi, þar sem skýr lög og rami er til staðar um þessi mál, og hefur því ekki verið sett sérstök stefna.		103 408 409 414	2
S10	1	Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu? Já/Nei	Félagið er með starfsemi á Íslandi, þar sem skýr lög og rami er til staðar í mannréttindamálum og hefur því ekki verið sett sérstök mannréttindastefna.		103 412 414	2
Kynjajafnrétti						
S4	1	Kynjahlutfall innan fyrirtækisins, í prósentum	Hlutfall kvenna er 47%		102 405	8 1
	2	Kynjahlutfall í byrjunarstörfum og næsta starfsmannalagi fyrir ofan, í prósentum	Hlutfall kvenna er 50,3%		102 405	8 1
	3	Kynjahlutfall í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórnar, í prósentum	Hlutfall kvenna er 36%		102 405	8 1
Laun						
S1	1	Launahlutfall forstjóra: Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildarlaunagreiðslna starfsfólks í fullu starfi	4,24		102	38
	2	Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda? Já/Nei	Já			
S2		Launamunur kynja: Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna	1,5		405	2
Hlutfall tímabundinna starfskrafta						
S5	1	Prósenta starfsfólks í hlutastarfi	5,3% fastráðinna starfsmanna eru í hlutastarfi. 1,4% starfsmanna eru tímabundið ráðnir og af þeim eru 40% í hlutastarfi		102	8
Aðgerðir gegn mismunun						
S6		Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreitni og/eða jafnrétti? Já/Nei	Já		103 406	2



Stjórnarhættir (G)						
Kynjahlutföll						
G1	1	Hlutfall kvenna í stjórn í prósentum (samanborið við karla)	40%		405	1
	2	Hlutfall kvenna í formennsku nefnda í prósentum (samanborið við karla)	33%			
Óhæði stjórnar						
G2	1	Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku? Já/Nei	Já		102	22-23
	2	Hlutfall óháðra stjórnarmanna í prósentum	100%			
Kaupaukar						
G3	1	Fá framkvæmdastjórnar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni? Já/Nei	Nei		102	35
Kjarasamningar						
G4		Hlutfall starfsfólks fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga	82%		102	41
Siðareglur birgja						
G5	1	Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum? Já/Nei	Já		102 103 308 414	16 2
	2	Ef já, hve hátt hlutfall þinna birgja í prósentum hafa formlega vottað að þeir fylgi siðareglunum	80%			
Siðferði og aðgerðir gegn spillingu						
G6	1	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu? Já/Nei	Já		102 103 205	16 2
	2	Ef já, hve hátt hlutfall vinnuafis þíns í prósentum hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni	67%			
G7	1	Persónuvernd: Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd? Já/Nei	Já		418	
G7	2	Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR-reglum? Já/Nei	Já			
Upplýsingagjöf um sjálfbærni						
G8	1	Sjálfbærniskýrsla: Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbærniskýrslu? Já/Nei	Já			
	2	Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda? Já/Nei	Já sem hluti af ársreikningi			
G9	1	Starfsvenjur við upplýsingagjöf: Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti? Já/Nei	Já			
	2	Leggur fyrirtækið þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)? Já/Nei	Nei			
	3	Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna? Já/Nei	Nei			
G10		Endurskoðun/vottun ytri aðila: Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni árituð eða endurskoðuð af þriðja aðila? Já/Nei	Já. Deloitte ehf. veitir álit með takmarkaðri vissu		102	56

